

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7.6.2022  
Tilvísun: 20220543124

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað) - 596. mál, þskj. 838.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 30. maí sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Vakin er athygli á því að ríkisskattstjóri hefur veitt umsögn um frumvarp um sama efni, þ.e. þar sem kveðið er á um undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis með því að heimila áfengisframleiðendum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Ríkisskattstjóri vísar til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram, eftir því sem við á. Sjá umsögn embættisins í máli 504, þskj. 850.

Í þessu sambandi má m.a. nefna að í umræddu frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum (504. mál., þskj. 850) voru lagðar til sambærilegar breytingar og í fyrirbyggjandi frumvarpi. Líkt og í frumvarpinu sem nú liggur fyrir var gert ráð fyrir að undanþágan yrði bundin því skilyrði að áfengisframleiðslan færi ekki fram úr 500.000 lítrum á almanaksárinu. Í umsögn ríkisskattstjóra var vakin athygli á því að ekki væri kveðið á um það hver færi með eftirlit með því að framangreind viðmið væru uppfyllt eða hver viðbrögð ættu að verða væri farið fram úr því hámarki. Frumvarpið nú er sama marki brennt.

Þó ekki sé kveðið á um það sérstaklega verður að skilja frumvarpið svo að áfengisframleiðendum verði eingöngu heimilt að selja eigin framleiðslu í smásölu. Telur ríkisskattstjóri að það myndi auka skýrleika ef tekið yrði sérstaklega fram inntak undanþágunnar hvað þetta varðar.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra

  
Elín Alma Arthursdóttir

  
Ragnheiður Björnsdóttir